

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 185/2024

2024/EES/92/04

frá 23. september 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/877 frá 21. mars 2024 um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykki fyrir þeirri stöðu Tékklands að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki sé óveruleg ⁽¹⁾.
- Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0877**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/877 frá 21. mars 2024 (Stjtid. ESB L, 2024/877, 22.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/877, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtid. ESB L, 2024/877, 22.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/877/oj.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður